

Þriðjudaginn 20. desember 1988.  
 Nr. 410/1988. **Ákærvaldið**  
 gegn  
**Viði Kristjánssyni**

Kærumál. Gæsluvarðhald.

### Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála, sbr. 174. gr. sömu laga, skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 14. þ.m., sem barst réttinum 16. þ.m. Hann krefst þess að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi eða tímalengd hans styt.

Af hálfu ákærvaldsins er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

### D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

### Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 14. desember 1988.

Ár 1988, miðvikudaginn 14. desember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Höllu Bachmann Ólafsdóttur fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur krafist þess að framlengt verði með úrskurði gæsluvarðhald það sem kærða Viði Kristjánssyni, með lögheimili að Bergstaðastræti 60, með dvalarstað að Bræðraborgarstig 10 hér í borg, fæddum 17.01. 1964 í Reykjavík, var gert að sæta með úrskurði þann 15. nóvember sl., sem rennur út í dag kl. 17:00, allt til miðvikudagsins 1. mars nk. kl. 17:00 vegna gruns um brot kærða gegn 211. gr. sbr. 20. gr. laga nr. 19, 1940.

#### Málavextir.

Að morgni sunnudagsins 13. nóvember sl. hringdi X til lögreglunnar í Reykjavík, þá staddur á heimili sínu að ..., Reykjavík, og tilkynnti að hann hefði verið stunginn með hnífi.

Lögregla og sjúkralið fóru á staðinn og var X fluttur á Borgarspítalann, þar sem hann gekkst þegar undir aðgerð.

Við skoðun kom í ljós að X var með stungusár á kvið 4 cm langt. Við nánari skoðun kom í ljós að vopnið hafði gengið í gegnum kviðvegg, í gegnum netju og ristil á tveimur stöðum, þá í gegnum ristilhengið rétt neðan við briskirtilinn inn í nýrnafitu, og var augljóst að vopnið hafði snert og skaddað nýrað utanvert, þó óverulega. Vopnið hafði farið út úr nýrnafitunni aftur undir XII. rif neðanvert og þaðan alveg út undir húð á baki. Þar sem blóð hafði safnast fyrir í kviðnum vegna alvarlegra áverka var X færður til aðgerðar á skurðstofu og var í lifshættu og á gjörgæslu. X útskrifaðist síðan af Borgarspítala 22.11. sl. til dvalar heima og eftirlits á göngudeild.

Kærði hefur viðurkennt að vera valdur að stungusári X. Kærði hefur borið að hafa hitt X að morgni sunnudagsins 13. nóvember sl. í Austurstræti og þeir báðir verið undir áhrifum áfengis.

Kærði kveður þá hafa gengið að heimili X að Sólvallagötu 27, þar sem þeir hafi borðað mogadon og aðra tegund lyfs, auk þess sem þeir hafi reykt skafpípu af hassi, en dagana á undan kveðst kærði hafa verið í miklu lyfjajáti og óreglu.

Kærði kveðst hafa orðið syfjaður en áður hafi hann farið fram í eldhús þar sem hann hafi séð 2 hnífa sem hann hafi ákveðið að stela. Kærði hefur ekki getað borið nákvæmlega um málsatvik, en þó borið að hafa afklætt sig, og það næsta sem hann muni hafi verið að þeir X hafi legið í rúminu allsnaktir og X verið að láta vel að ákærða. Kærði hafi þá beðið X að hætta því þar sem honum hafi fundist þetta ógeðfellt og hafi X orðið við því og farið inn í eldhús og kærði þá klætt sig. X hafi komið inn aftur og lagst fyrir í rúminu á ný. Kærði kveðst hafa komið hnífnum fyrir í buxum sínum við bakhluta sinn. X hafi reynt að klæða kærða úr gallabuxunum aftur og kærði þá fundið að hnífurinn var að detta, gripið hann og stungið honum í X án þess að vita hvar hnífurinn lenti í honum. Kærði kveðst hafa hlaupið út við svo búið og hnífurinn þá staðið í X. Kærði kveðst ekki hafa hugsað um að koma honum til hjálpar eða reyna að aðstoða hann. Kærði kveðst hafa orðið alveg brjálður þegar X hafi reynt að girða niður um hann gallabuxurnar, en þá hafi X tekið um lim kærða.

X hefur gefið skýrslu hjá RLR og borið um atvik á nokkuð annan veg en kærði.

X hefur borið að þeir hafi farið saman í rúmið og báðir afklæðst, hann og kærði, og áður hafi þeir rætt mök tveggja karla.

X hefur borið að hann hafi ekki beitt ofbeldi eða reynt að fá kærða til einhvers sem hann var mótfallinn og honum hafi komið á óvart hve kærði var fús til atlota, því hann hafi ekki talið hann homma.

Brot það er kærði er grunaður um að hafa framið getur varðað fangelsisrefsingu samkvæmt 211. gr. sbr. 20. gr. laga nr. 19, 1940, eða 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Með hliðsjón af því sem að framan er rakið er ljóst að hér er um alvarlegt brot að ræða. Kærði stakk X með 35 cm löngum búrhnif með 20 cm löngu blaði, sem er 4-5 mm breitt, og skildi X eftir hjálparvana. Tilviljun ein réð því hvar hnífurinn lenti.

Ljóst er af því sem að framan greinir að framburður kærða og X er ósamhljóða að verulegu leyti hvað varðar aðdraganda árásarinnar.

Þykir rétt með vísan til þess sem að framan er rakið að taka kröfu RLR til greina með vísan til 4. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974, og ákveða að kærði sæti gæsluvarðhaldi áfram allt til miðvikudagsins 1. mars nk. kl. 17:00.

#### Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Viðir Kristjánsson, skal sæta gæsluvarðhaldi áfram allt til miðvikudagsins 1. mars nk. kl. 17:00.

Priðjudaginn 20. desember 1988.

Nr. 126/1988. **Ákærvaldið**

(Björn Helgason saksóknari)

gegn

**Óla Pálma Halldóri Þorbergssyni**

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Ómerking. Heimvísun. Ákæra.

#### Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason.

Máli þessu var skotið til Hæstaréttar með stefnu 30. mars 1988 að ósk ákærða og einnig af hálfu ákærvalds til þyngingar refsingar.